

3. bekkur samfélagsgreinar

Kennarar: Guðný Maja Riba Pétursdóttir; Inna Holoyad

Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Skólaárið 2019-2020

Umhverfi, samfélag, saga, menning:

- Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.
- Bent á dæmi um áhrif tækni.

Námsefni

- Milli himins og jarðar
- Komdu og skoðaðu
- Efni frá kennara

Kennsluaðferðir

- Unnið er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Þemavinna með samþættingu við íslensku.
- Unnið í lotum í kring um hátíðir.
- Vettvangsferðir
- Söguaðferð
- Kortavinna,
- Umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun,
- Einstaklings-, para- og hópavinna.
- Hlutverkaleikir, námsleikir og leikræn tjáning.

Námsmat

- Símat
- Verkefnavinna

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum o g miðlum.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.